




Prjónafigúrur

Höfundur: Sólbrá Skúladóttir

ÚR KÖRFU TEXTÍLKENningarans Verkefni í textílmennt fyrir 5. - 6. bekk



Aðferð:

Prjón

Áhöld:

- ✓ 40 cm langur hringprjónn nr. 5
- ✓ Sokkprjónar nr. 5
- ✓ Gróf javanál og fín oddhvöss nál
- ✓ Títuprjónar

Efni:

- ✓ Tróð
- ✓ Bútar af flísefni
- ✓ Tvinni
- ✓ Dúskar, tré-perlur, augu, silkiborðar, pallíettur eða annað það sem hægt er að skreyta með

Vinnulýsing fyrir nemendur

Áður en hafist er handa þarf að ákveða hvernig fígúran á að vera, til að geta valið lit eða liti í samræmi við það og hvernig þið ætlið að skipta litunum niður á 20 cm.

Hægt er að gera frosk, býflugur, hund, kött, kanínu, vampýru, leðurblöku, skratta, engil, ofurhetju, stelpur, stráka, geimverur og annað það sem ykkur dettur í hug.


- 1 Fitjið upp 50 lykkjur með húsgangsfiti á hringprjóninn.
- 2 Prjónið slétt prjón þar til fígúran er 20 cm á hæð.
- 3 Skiptið yfir á sokkprjónana: 20 lykkjur – 10 lykkur – 20 lykkjur.
- 4 Notið stjörnuúrtöku til að loka toppnum:
 1. umferð: Prjónið 8 lykkjur – 9. l og 10. l prjónaðar saman.
 2. umferð: Prjónið 7 lykkjur – 8. l og 9. l prjónaðar saman.
 3. umferð: Prjónið 6 lykkjur – 7. l og 8. l saman og svo framvegis þar til 10 lykkjur eru eftir á prjónunum.
- 5 Klippið enda ca. 10 cm frá og notið grófu javanálina til að draga endann í gegnum lykkjurnar 10 sem eftir eru og gangið frá endanum á röngunni.
- 6 Fyllið fígúruna af tróði.
- 7 Klippið hring úr flísefni – títið hann við opna endann – saumið með fíngerðu þræðispori og fíngerðu öddhvössu nálinni.
- 8 Skreytið fígúruna ykkar eins og þið viljið hafa hana: Til dæmis er hægt að setja á fígúruna augu, nef, fætur, hendur, hár, freknur, vængi, eyru, gleraugu, grímu, skikkju eða annað það sem er viðeigandi fyrir ykkar fígúru.



Uppfitjun – Húsgangsfít:




1. Setjið bandið yfir tvo fingur og kreppið hina þrjá.



2. Takið þrjón í hina höndina og dragið bandið fram. Munið að halda því föstu með fingrinum.



3. Farið svo með þrjóninn undir bandið á þumalfingri.



4. Sækið bandið sem er á vísifingri og komið með það sömu leið til baka út hjá þumalfingri.




5. Þá koma tvær lykkjur í einu, en það er bara í fyrsta sinn.



6. Endurtakið 3, 4 og 5. Þá kemur ein lykkja í einu. Fitjið upp áfram eins margar lykkjur og óskað er.



Leggið bandið eins og myndin sýnir yfir og undir fingurna til skiptis. Byrjið svo að þrjóna.



Svona er haldið á þrjónunum!

Til kennara

Þar sem nemendur hafa mismikla getu eða áhuga þá hef ég í gegnum árin látið þá nemendur sem hafa lítinn áhuga eða litla getu hafa hringprjón nr. 6 og fitjað upp aðeins 40 lykkjur hjá þeim, svo verkið gangi hraðar. Ég hef jafnvel gert samning upp á það að ég prjóni einn hring á móti hverjum sem þau ljúka upp að 10 cm en þá verða þau að prjóna sjálf upp að 20 cm. Og í stað stjörnuúrtöku hef ég stundum látið þau taka bara tvær og tvær saman þar til 10 lykkjur eru eftir ef stjörnuúrtakan hefur þvælst fyrir þeim.

Getumiklir og áhugasamir nemendur skreyta mikið en getulitlir og áhugalitlir nemendur setja t.d. bara augu og nef og láta það duga.